



23. febrúar 2024

Tilv.: 2402068

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar), 154 löggjafarþing, 662. mál.

Með tölvupósti, dags. 9. febrúar sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar), 662. mál.

Frumvarpið miðar að því að skýra og styrkja heimildir Seðlabanka Íslands til reglusetningar í þeim tilgangi að efla viðnámsþrótt í greiðslumiðlun hér á landi og þar með stuðla að fjármálastöðugleika og þjófðaröryggi. Eins og fram kemur í greinargerð er frumvarpið þáttur í viðleitni stjórnvalda til að bregðast við ófullnægjandi viðnámsþrótti í smágreiðslumiðlun á Íslandi. Mikil samþjöppun er í greiðsluleiðum þar sem rúmlega 90% greiðslna eru inntar af hendi með greiðslukortum sem háð eru erlendum innviðum og aðilum. Að sama skapi er netógn vaxandi sem aftur eykur mikilvægi aukins viðnámsþróttar og fjölbreytni greiðsluleiða. Ekki hefur verið nægjanlegur hvati fyrir markaðinn til að bregðast við þessari stöðu. Því er nauðsynlegt að Seðlabankinn geti tekið frumkvæði í að stuðla að auknum viðnámsþrótti en til þess þarf bankinn skýrari lagaheimildir.

Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að fjármálastöðugleika og virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á verkefnum Seðlabankans hvað rekstraröryggi greiðslumiðlunar varðar, heldur er um að ræða skýrari reglusetningarheimildir en nú er að finna í lögum.

Með frumvarpinu eru Seðlabankanum veittar heimildir til að setja reglur sem auka viðnámsþrótt, öryggi og virkni í greiðslumiðlun. Mikilvægt er að Seðlabankinn hafi slíkar heimildir þegar kemur að annars vegar rekstraröryggi greiðslumiðlunar, svo sem varðandi fjarskipti við útlönd og netárásir, og hins vegar viðnámsþrótti smágreiðslumiðlunar, til dæmis að innlendir innviðir séu til staðar sem nýtast ef til þjónusturofs kemur. Í þessu samhengi er rétt að benda á að Seðlabankinn gegnir viðtæku hlutverki í greiðslumiðlun í landinu svo sem varðandi rekstur innviða viðskipta milli banka og sparisjóða, uppgjors á verðbréfavíðskiptum og uppgjors greiðslukortavíðskipta hér á landi

Seðlabanki Íslands átti fulltrúa í vinnuhópi sem samdi frumvarpið og hafði tækifæri til að koma að sjónarmiðum bankans varðandi nauðsyn þeirra lagabreytinga sem lagðar eru til og er þau m.a. að finna í greinargerð með frumvarpinu.

Seðlabanki Íslands telur rétt að hnykkja á nokkrum atriðum í tengslum við athugasemdir sem komið hafa fram í umsögnum um frumvarpið á fyrri stigum:

- Seðlabankinn hefur haft frumkvæði að því að kynna hugmyndir um hvernig auka má viðnámsþrótt í smágreiðslumiðlun í góðu samstarfi við innlánsstofnanir. Til umræðu í vinnuhópi framtíðarvettvangs, vettvangs Seðlabankans og innlánsstofnana um framtíðarstefnumótun fyrir fjármálainnviði í landinu, er innleiðing lausnar sem myndi nýta millifærslur á milli bankareikninga fyrir verslun og þjónustu þannig að rafræn staðgreiðsla verði möguleg í verslunum. Þessi lausn byggir á greiðslubeiðnum að erlendri fyrirmynd. Jafnvel þótt samstaða næðist um slíka lausn er mjög nauðsynlegt að frumvarpið nái fram að ganga þannig að afdráttarlaus lagaheimild verði veitt Seðlabankanum til að setja nýrri greiðslulausn skýrar leikreglur sem tryggja þátttöku innlánsstofnana, öryggi og aðgengi að lausninni.
- Gagnrýnt hefur verið að „ekki komi nægilega vel fram hvaða vanda eigi að leysa með slíkri greiðslulausn“. Seðlabankinn bendir á að með samþykkt frumvarpsins yrðu skapaðar forsendur til að efla viðnámsþrótt á tímum netógnna og óvissu í heimsbúskapnum, enda er mikil samþjöppunaráhætta fyrir hendi við núverandi aðstæður. Það gefur auga leið að viðnámsþróttur eykst ef greiðslumiðlun í landinu er ekki háð fáum aðilum. Ekki stendur til að koma á fót „nýrri ríkislausn“ í smágreiðslumiðlun, eins og haldið hefur verið fram, heldur að nýta millibanka- og innlánskerfin og bankaöpp sem þegar eru til staðar hjá Seðlabanka Íslands og íslenskum innlánsstofnunum. Í skoðun er t.d. að koma á rafrænni staðgreiðslu þar sem nýttar yrðu millifærslur, sem eru hluti af núverandi greiðsluleiðum. Þannig yrði hægt að greiða með millifærslum í smásöluverslun og hjá þjónustuaðilum hér á landi án þess að þurfa að slá inn kennitölur/bankanúmer og staðfesting á greiðslu kæmi sjálfkrafa í kerfi söluaðila. Lausnin felst því í einfaldri samskipta- og boðleið í tengslum við núverandi innviði.
- Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að alls ekki stendur til að fara í samkeppni við markaðsaðila í smágreiðslumiðlun heldur er markmiðið að skapa skilyrði hér á landi, með því að nýta núverandi innviði, til að auka samkeppni og efla viðnámsþrótt í greiðslumiðlun, öllum til hagsbóta.
- Í frumvarpinu er lagt er til að innlánsstofnanir verði skyldaðar til þátttöku í nýrri lausn. Sú skylda gengur ekki lengra en sú skylda sem þegar er lögð á innlánsstofnanir vegna þátttöku þeirra í millibankakerfi Seðlabanka Íslands eða sú skylda sem hvílir á þeim samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu. Þessi skylda er því með engu móti íþyngjandi fyrir innlánsstofnanir. Ekki verður lögð skylda á verslunar- og þjónustuaðila að taka við greiðslum samkvæmt lausninni heldur verður treyst á að hvatinn verði nægjanlegur vegna ávinnings þeirra aðila.
- Eins og kemur fram í frumvarpinu er Ísland að feta í fótspor annarra mynntsvæða innan og utan Evrópu enda hafa stjórnvöld og seðlabankar víða unnið hörðum höndum að því að treysta viðnámsþrótt greiðslumiðlunar á undanförunum árum í jösi aukinna netógnna og aukins óróa á alþjóðavettvangi.

- Rétt er að taka fram að margar aðrar lausnir hafa verið skoðaðar, til dæmis innlend debetkort, líkt og þekkjast í Danmörku og Noregi, eða varalausn sem yrði einungis nýtt þegar áföll ríða yfir, líkt og til er í Finnlandi. Eftir samtöl við sérfræðinga í þeim löndum er það mat Seðlabankans að kostnaður við þær lausnir yrði umtalsvert meiri og að þær horfi ekki til framtíðar með sama hætti og rafræn staðgreiðsla með millifærslu.

Hér má því segja að um sé að ræða nokkurs konar veitustarfsemi sem er nauðsynleg til þess að hér á landi verði virk og örugg greiðslumiðlun í þágu almennings og öflugs atvinnulífs sem einnig felur í sér möguleika á meiri samkeppni í greiðslumiðlun en nú ríkir. Greiðslumiðlun og fjölbreytni í greiðsluleiðum eru almannagæði sem mikilvægt er að hlúa að.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Gunnar Jakobsson
varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Fullgild rafræn undirskrift

Gunnar Jakobsson

23.02.2024 15:32

Fullgild rafræn undirskrift

Ásgeir Jónsson

23.02.2024 15:38